# FRÁRENNSLISLAGNIR:

EFNI OG FRÁGANGUR LAGNA SKAL VERA SAMKVÆMT BYGGINGASAMÞYKKT HAFNARFJARÐAR OG REGLUGERÐ UM HOLRÆSI Í REYKJAVÍK. GRAFA SKAL FYRIR LÖGNUM Í FULLÞJAPPAÐ FYLLINGAREFNI 15cm NIÐUR FYRIR RÖR OG FYLLA UNDIR OG UMHVERFIS LAGNIR MEÐ A.M.K. 15cm FÍNUM SANDI OG ÞJAPPA VEL EN GÆTILEGA. SAMA GILDIR UM BRUNNA. HÆÐIR Á LÖGNUM ERU HÆÐIR Í RENNSLISBOTNI. STÆRÐIR LAGNA ERU Í mm, EN BRUNNA Í cm. ALLAR LAGNIR SKULU VERA BEINAR, EN BEYGJUR OG GREININGAR GERÐAR MEÐ ÞAR TIL GERÐUM BEYGJU- OG GREININGASTYKKJUM. STEINSTEYPURÖR Í GRUNNI SKAL BAÐA Í ASFALTI EÐA FLINKOTI. UM LAGNINGU PLASTLAGNA GILDIR ÍST. 65. LAGNIR Í VEGGRAUFUM SKAL HLJÓÐEINANGRA. LAGNIR YFIR LOFTI (ÚTLOFTANIR), NIÐURFALLSPÍPUR FRÁ HREINLÆTISTÆKJUM, SKAL EINANGRA MEÐ 1" STEINULLARMOTTUM OG VEFJA MEÐ TJÖRUPAPPA OG SNÚA ÞAR UTAN UM MEÐ BENSLAVÍR Á 50 cm MILLIBILI. UM STÆRÐIR OG STAÐSETNINGU RAUFA, SKAL HAFA SAMRÁÐ VIÐ PÍPULAGNINGARMEISTARA. STAÐSETNING STÚTA Í SAMRÁÐI VIÐ ARKITEKT OG PÍPULAGNINGARMEISTARA.

# SKAMMSTAFANIR:

| | | | |
|---|---|---|---|
| VS. | VATNSSALERNI | BR | HOLRÆSABRUNNUR |
| HL. | HANDLAUG | SB. | SANDBRUNNUR |
| B | BAÐ | BK. | HÆÐ Á BRUNNBOTNI |
| S. | STEYPIBAÐ | ST. | STEINSTEYPURÖR |
| SV. | SKOLVASKUR | J. | STEYPUJÁRNSRÖR (POTTRÖR) |
| EV. | ELDHÚSVASKUR | PVC. | PLASTRÖR. RAUÐ Í GRUNNA OG JÖRÐ GRÁ YFIR GÓLFPLÖTU |
| UV. | UPPÞVOTTAVÉL | | |
| ÞV. | ÞVOTTAVÉL | ‰ | HALLI Á LÖGN |
| HV. | FRÁRENNSLI HITAVEITU | TK. | TENGIHÆÐ HEIMÆÐAR |
| SL. | SLÖNGUKRANI | Y.Þ. | ÚTLOFTUN YFIR ÞAK |
| GV. | GARÐVATN | H.R. | HREINSISTYKKI |
| GN. | GÓLFNIÐURFALL | G.SV. | GRJÓTSVELGUR |
| NF. | NIÐURFALL (UTAN HÚSS) | | |
| SN. | SVALANIÐURFALL | | |
| Þ | ÞAKNIÐURFALL | | |

# LOFTPÚÐI Á VATNSLÖGN:

EFST Á ÖLLUM LÓÐRÉTTUM STOFNUM SKAL VERA 30 cm LANGUR LOFTPÚÐI ÞVERMÁL JAFNT OG SVERASTI HLUTI STOFNSINS TALIÐ FRÁ GREININGU VIÐ AÐALAÐFÆRSLUÆÐ




EINNIG SKAL VERA SAMSKONAR LOFTPÚÐI Á HLIÐARGREINUM SEM LENGRI ERU EN 8M, ÞVERMÁL JAFNT OG SVERASTI HLUTI HLIÐARGREINAR

# VATNSLAGNIR:

EFNI OG FRÁGANGUR LAGNA SKAL VERA SAMKVÆMT BYGGINGASAMÞYKKT HAFNARFJARÐAR OG FORSKRIFT VATNSVEITU REYKJAVÍKUR. ALLT EFNI, PÍPUR, FITTINGS, SKAL VERA GALVANISERAÐ. PÍPUR SKULU EINANGRAÐAR MEÐ A.M.K. 20mm GLERULLARHÓLKUM OG VAFÐAR MEÐ PLASTDÚK. KERFIÐ SKAL PRÓFA MEÐ KÖLDU VATNI OG 6 kg/cm² ÞRÝSTINGI. BALLOFIX RENNILOKAR (EÐA SAMSVARANDI) SÉU VIÐ HVERT TÆKI, EINSTREYMILOKI VIÐ ÞVOTTAVÉLAR. LAGNIR UTANHÚSS SKULU VERA ÚR PLASTI (REYKJALUNDSPLAST).

# FRÁGANGUR SKOLPLAGNA UNDIR OG Í SÖKKULVEGG:




GRAFIÐ SKAL FYRIR LÖGNUM UNDIR SÖKKLUM, ÁÐUR EN ÞEIR ERU STEYPTIR

# GÓLFRAUF:




# HITALAGNIR:

EFNI OG FRÁGANGUR LAGNA SKAL VERA SAMKVÆMT BYGGINGASAMÞYKKT HAFNARFJARÐAR OG REGLUGERÐ HITAVEITU REYKJAVÍKUR. ALLAR PÍPUR OG FITTINGS SKULU VERA VENJULEGAR, SVARTAR OG MÁLA MEÐ ASFALTMÁLNINGU OG EINANGRA MEÐ A.M.K. 20mm GLERULLARHÓLKUM OG VEFJA MEÐ PLASTDÚK.

VEGGEINANGRUN SÉ A.M.K. 2 1/2" PLAST, ÞAKEINANGRUN A.M.K. 4" (2×2" SKARAÐ) STEINULLAR- EÐA GLERULLARMOTTUR. TVÖFALT VERKSMIÐJUGLER Í GLUGGUM.

STÆRÐIR OFNA OG MÆLAGRIND HITAVEITU, SJÁ OFNASKRÁ. Á OFNUM SKULU VERA SJÁLFVIRKIR OFNKRANAR T.D. DANFOSS. DANFOSS RAVL. LOKAR („TÚR" LOKAR) Á ÖLLUM OFNUM, NEMA 1.2, 1.3, 1.6, 1.7, 1.9, 1.10, 1.11 2.1, 2.3, 2.6, 2.7 OG 2.8. ÞAR SÉU DANFOSS FJVR. („RETUR" LOKAR). Á ÖLLUM OFNUM SÉU LOFTSKRÚFUR, STILLITÉ OG AFTÆMISKRÚFUR. STILLA SKAL KERFIÐ MEÐ STILLITÉUM, ÞANNIG AÐ ALLIR OFNAR HITNI JAFNVEL, ÞEGAR ALLIR SJÁLFVIRKIR OFNLOKAR ERU OPNIR.

# LAGNIR YFIR LOFTI:




# GRJÓTSVELGUR:




# VATNSINNTAK UNDIR GÓLFPLÖTU:




# TÁKN:

| | | | |
|---|---|---|---|
| ——— | FRÁRENNSLISLÖGN | —< | KALDAVATNSKRANI |
| — · — | DRENLÖGN (ÓÞÉKKUÐ) | —≪ | HEITAVATNSKRANI |
| — · · — | KALT NEYSLUVATN | | KRANI MEÐ SLÖNGUSTÚT |
| — · · · — | HEYTT | ⊠ | RENNILOKI |
| ——— | FRAMRÁS („TÚR" LÖGN) | | RENNILOKI MEÐ SPINDLI UPP ÚR JÖRÐ |
| — — — | BAKRÁS („RETUR" LÖGN) | | EINSTREYMILOKI |
| — ······ | INNTAK HITAVEITU | | VATNSMÆLIR |

HAFNARFJARÐARBÆR BYGGINGAFULLTRÚINN

23. maí 1980

HÚS ES

| SKÝRINGAR | MÆLIKVARÐI | VERK | TEIKN NR |
|---|---|---|---|
| | ⁄ | 8001 | 2.0 |
| KLAUSTURHVAMMUR 28 | Hannað: | Yfirfarið: | DAGS |
| | Teiknað: | Samþ: | MAÍ '80 |
| JÓHANN GUNNAR BERGÞÓRSSON VERKFR. MVFÍ<br>STRANDGÖTU 11 — HAFNARFIRÐI — SÍMI 53316 | BREYTT | | |